

Fimmtudagur 22. febrúar 2018

Fundur settur í stjórn landbótasjóðs kl. 21:25. Allir aðalmenn mættir Eiríkur Kjerúlf, Jóhann Þórhallsson og Anna Bryndís.

1. Reikningar ársins 2017 liggja fyrir fundinum. Í styrki var ráðstafað auk annars kostnaðar 6.533.820,- kr. (bls 53). Í styrki voru greiddar 4.832.425, - kr. Reikningshald og annar kostnaður 584.941,- , alls kr. 5.417.366,- kr. Hrein eign sjóðsins í árslok er 34.999.726,- kr. Reikningar skoðaðir og yfirfarnir án athugasemda, annarra en að þykja bókhaldskostnaður of hár.
2. Sem fyrr er undirritað bréf til staðfestu þess að Deloitte beri enga ábyrgð á gerð ársreikningsins.
3. Starfsemi ársins 2017. Ellefu styrkir hafa verið greiddir. Samtals var dreift 43,2 tonnum af áburði, sáð 45 kg af fræi á 332 ha lands. Svæðið er allt undir 300 m yfir sjó.
4. Ákveðið að senda eins og í fyrra óútfyllta skilagrein og loftmynd af þeim jörðum sem viljrði fengu fyrir styrkjum. Þannig fæst glegggra yfirlit yfir greiðslu styrkja.
5. Formanni falið að kynna umsækjendum úthlutun styrkja.
6. Stjórn telur rétt að fara síðsumars og skoða svæði sem landbótasjóður hefur veitt styrki til.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:22

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)
Jóhann F. Þórhallsson (sign)
Anna Bryndís (sign)